

**L Ö G**

um breyting á lögum nr. 8/1972 með síðari breytingum,  
um tekjustofna sveitarfélaga.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

1. málsg. 14. gr. laganna orðist svo:

Framlag Jöfnunarsjóðs til sveitarfélaga samkvæmt 13. gr. skal greitt mánaðarlega.

**2. gr.**

g-liður 8. gr. orðist svo:

Að greiða árlega 5% af vergum tekjum sjóðsins til Lánasjóðs sveitarfélaga, sbr. lög nr. 35/1966 og lög nr. 99/1974.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1976.

*Gjört að Bessastöðum, 24. desember 1975.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Gunnar Thoroddsen.*

**L Ö G**

um kaupstaðarréttindi til handa Garðahreppi.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

Garðahreppur skal vera kaupstaður og sérstakt lögsagnarumdæmi. Nær umdæmið yfir allan núverandi Garðahrepp og heitir Garðakaupstaður. Heyrir umdæmið til Reykjaneskjördæmis.

**2. gr.**

Sýslumaður Kjósarsýslu og bæjarfógeti Hafnarfjarðar skal jafnframt vera bæjarfógeti kaupstaðarins.

**3. gr.**

Sýslunefnd Kjósarsýslu og bæjarstjórn Garðakaupstaðar skulu semja sín á milli um skiptingu þeirra sjóða sem við gildistöku laga þessara eru í eigu eða vörslu Kjósarsýslu. Einnig skulu sömu aðilar semja um fjárskuldbindingar, ábyrgðir og önnur þau atriði er þá varða og upp kunna að koma vegna laga þessara.